

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Undirvagns ryðvörn 500 ml		
Vörunúmer:	be145195		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Málning/tæringarvörn í úðabrusa.		
Viðeigandi notkun	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
Notkun sem ráðið er frá			
1.3 Söluaðili:	Fálkinn	Framleiðandi:	Albert Berner Deutschland GmbH
	Dalvegur 10-14		Bernerstrasse 4,
	201 Kópavogur		D-74653 Kuenzelsau, Þýskalandi
Sími:	540 7000		00-49-79401210
Netfang:	falkinn@falkinn.is		info@berner.de
Veffang:	www.falkinn.is		www.berner.de
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðæfni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr.1
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit.v.ásvelg.1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörunarorð: **HÆTTA**

Hættusetningar

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.
P273	Forðist losun út í umhverfið.

P280 Notið hlífðarhanska/augn-/andlitshlífar.
 P312 Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
 P410+P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.

Inniheldur: Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, Nafta(úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt, 2-bútanon, Vetniskolefni, C9, arómatar.

Sprengihætta við upphitun.
 Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
 Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - < 25
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xn, N
EINECS, ELINECS	920-750-0	H-setningar	H11, H51, H53, H65, H66, H67
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Eldfimt, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , SEM-VES 3 - H336 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	10 - < 20
Raðnúmer	649-328-00-1	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	265-151-9	H-setningar	H11, H38, H51, H53, H65, H67
CAS	64742-49-0	Flokkun, hættumerking	Hættulegt heilsu, Ertandi, Eldfimt, Hættulegt umhverfinu,
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit. v. ásvlg.1 - H304 , Húðert.2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Langv.eit.á vatn - H411			

2-bútanon			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457290-43	Innihald %	10 - < 20
Raðnúmer	606-002-00-3	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	201-159-0	H-setningar	H11, H36, H66, H67
CAS	78-93-3	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Augnert. 2 - H319 , SEM-VES 3 - H336 , Endurtekin snering getur valdið þurri og sprunginni húð EUH066			

Bútan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119474691-32	Innihald %	1 - 20
Raðnúmer	601-004-00-0	Varnaðarmerki:	F+
EINECS, ELINECS	203-448-7	H-setningar	H12
CAS	106-97-8	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - H220 , Loftt.u.þrýst. - H280			

Própan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119486944-21-xxxx	Innihald %	1 - 20
Raðnúmer	601-003-00-5	Varnaðarmerki:	F+
EINECS, ELINECS	200-827-9	H-setningar	H12
CAS	74-98-6	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf. loftt. - H220 , Loftt.u.þrýst. - H280			

Ísóbútan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485395-27	Innihald %	1 - 20
Raðnúmer	601-004-00-0	Varnaðarmerki:	F+
EINECS, ELINECS	200-857-2	H-setningar	H12
CAS	75-28-5	Flokkun, hættumerking	Afar eldfimt
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf. loftt. - H220 , Loftt.u.þrýst. - H280			

Vetniskolefni, C9, arómatar			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119455851-35-xxxx	Innihald %	1 - 5
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	918-668-5	H-setningar	H10, H37, H51, H53, H65, H66, H67
CAS	64742-95-6	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 3 - H226, Eit.v.ásvelg. 1 - H304, SEM-VES 3 - H335, SEM-VES 3 - H336, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
Snerting við húð	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
Snerting við augu	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.
Inntaka	Skolið munn vandlega með vatni. Ásvelgingarhætta. Leitið strax lækni. Gefið mikið vatn að drekka. Framkallið ekki uppköst. Sýnið öryggisblaðið.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir. Einkenni: Ertung í öndunarvegi, hósti, höfuðverkur, svimi, meðvitundarleysi, skaði á miðtaugakerfi, ógleði, affitun húðar-þurrkur og sprungumyndun, og fleira.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, slökkvilduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, vetniskolefni, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og sneringu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiðbeiningum. Gerið ráðstafanir gegn stöðurafragni.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Geymið fjarri oxurum, eldfimum og sjálfteyndrandi efnum. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m ³	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m ³	Annað
Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar	100	525			WEL
Nafta, (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað létt	500	2000			WEL
2-Bútanon	200	600	300	899	WEL
Própan	1000				WEL
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Ísóbútan	800	1900	3200	7200	WEL
Vetniskolefni, C9, arómatar	100	525			WEL
Kalsíumkarbónat		3			WEL
Asfalt, gufa og úði við heitvinnslu		10			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	773	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	2035	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	699	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	699	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	608	mg/m ³

Vetniskolefni, C9, arómatar					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	25	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	150	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	11	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	32	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	11	mg/kg/líkamsþ/d

2-Bútanon					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	600	mg/m ³
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	1161	mg/kg/lik.p/dag
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	31	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	142	mg/m ³
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	106	mg/m ³
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	55,8	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	55,8	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		DNEL	22,5	mg/kg þurrefni
Umhverfi	Ferskvatn, set		PNEC	284,74	mg/l
Umhverfi	Sjór, set		PNEC	287,7	mg/l

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska úr Neopren, pólyklórópren eða nitrílgúmmíi. (EN374, >=0,5 mm, gegnstreymistími >120 mín).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun langerma efnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A. Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi (aerosol)
Lykt:	Einkennandi
Litur:	Svartur
Blossamark:	<0°C
Tendrunarmark:	365°C
Lægri sprengimörk í lofti:	1,1%
Hærri sprengimörk í lofti:	11,5%
Gufuþrýstingur (20°C):	3500 hPa
Eðlismassi við 20°C:	0,764 g/cm ³
Leysanleiki í vatni:	Óleysanlegt
Sprengifimi:	Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.

9.2 Aðrar upplýsingar:

Leysiefnainnihald:	63,3%
--------------------	-------

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafmagn. Sprengihætta við upphitun. Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, vetniskolefni, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	>2800	mg/kg	kanína	OECD 402
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	>23,3	mg/l/4 klst	rotta	OECD 403
Húðæting/erting		Neikvætt		Kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			OECD 406
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 473
Eiturrhíf á æxlunarfæri	LOAEL	9000	ppm	rotta	OECD 416
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni		Svimi, meðvitundarleysi, erting og sviði í slímhúðum, höfuðverkur, krampi, truflanir á hjarta og æðakerfi, ógleði, uppköst, sljóleiki.			

Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	>2000	mg/kg	mús	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	>5	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni		Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, truflanir á hjarta og æðakerfi, þreyta, erting í slímhúðum, ógleði, uppköst.			

2-bútanon					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	4000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	640	mg/kg	kanína	
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	23,5	mg/l/4 klst	rotta	

Vetniskolefni, C9, arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, inntaka	LD ₅₀	>3000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhíf, ísog um húð	LD ₅₀	>3160	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Væg erting. Endurtekin snering getur valdið þurri og sprunginni húð			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Eiturrhíf á æxlunarfæri		Neikvætt			
Sértæk eiturrhíf á markklífæri (VES)		Getur valdið sljóleika og svima. Ertir öndunarfæri.			
Ásvelgingarhætta		Já			
Helstu einkenni		Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, erting og sviði í slímhúðum, höfuðverkur, sótthiti, suð í eyrum, ógleði, uppköst, sljóleiki.			

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni		Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.			

Ísóbutan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhíf, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni		Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.			

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarefniðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Kalsíumkarbónat					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>5000	mg/kg	rotta	OECD 420
Húðæting/erting		Núningsskaði		kanína	OECD 404
Alvarlegur augnskaði		Núningsskaði		kanína	OECD 405

Asfalt, gufur og úði við hækkaðan hita					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, inntaka	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrið:

Vetniskolefni, C7-C9, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrið	LL ₅₀	2-10 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrið	EL ₅₀	4,6-10 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrið	NOEC	10 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirgni og niðurbrot		98%	28 d		OECD 301F
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Annað	Vatnsleysanleiki 2 mg/l				

Nafta (úr jarðolíu), vetnismeðhöndlað, létt					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrið	LC ₅₀	2,5 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrið	EC ₅₀	1-<10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrið	EC ₅₀	1-<10 mg/l		Þörungar	
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4,0-5,1			
Leysanleiki í vatni	Óleysanlegt				

2-bútanon					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrið	LC ₅₀	3220 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrið	EC ₅₀	5091 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrið	EC ₅₀	4300 mg/l	168 klst	Þörungar	
Þrávirgni og niðurbrot		89%	20 d		
Þrávirgni og niðurbrot	BOD5/COD	2,03/2,31	O2/g		
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	0,29	BCF	3	Lítill hættu
Önnur visteiturhrið	Dreifanleiki í jarðvegi: Koc=30, Gufar upp í þurrum og rökum jarðvegi: Já				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,98			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Vetniskolefni, C9, arómatar					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrið	LC ₅₀	9,22 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrið	EC ₅₀	21,3 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrið	EC ₅₀	2,6-2,9 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirgni og niðurbrot		54-56%	28 d		OECD 301B
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt






Kalsíumkarbónat					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	LC ₅₀	>1 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC ₅₀	>14mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot	Á ekki við um ólífræn efni				
Uppsöfnun í lífverum	Nei				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni) 08 01 11 (úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)
Óhreinar umbúðir	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerði í tæmdar umbúðir. Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum: 15 01 04 (málmumbúðir)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:		Varúðarmerking
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	
Hættuundirflokkur:	5F	
Jarðgangaflokkun:	D	
Mengunarhætta:	Já	
IMDG:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS (NAPHTHA(PETROLEUM))	
Hættuflokkur:	2.1	
EmS:	F-D, S-U	
Pökkunarflokkur:	-	
Mengunarhætta:	Já	
IATA:		
UN Númer	1950	
Efnisheiti v. flutninga:	AEROSOLS, FLAMMABLE	
Hættuflokkur:	2.1	
Pökkunarflokkur:	-	

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII.
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
Rokgjörn efni VOC (EB 2010/75) : 71,5% 546,5 g/l

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H220	Afar eldfimt úðæfni
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H319	Veldur alvarlegri augneringu
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/22.05.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

ALBERT BERNER DEUTSCHLAND
SICHERHEITSDATENBLATT gemaess Verordnung (EG) No 1907/2006, Annex II
145195 UNTERBODENSCHUTZ 1001 SCHWARZ 500ML

Útgáfa: 08.03.2016 Útgáfa 0012

Kemur í stað: 05.06.2015 Útgáfa 0011